

**Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu**

**06 441**

**Ársreikningur 2023**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu**

**kt. 650914-2520**

**Hlíðasmára 1, 200 Kópavogi**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er stjórnsýsluembætti sem fer með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í sínu umdæmi eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Um embætti sýslumanna gilda lög nr. 50/2014 og umdæmi þeirra eru ákveðin í reglugerð nr. 1151/2014.

Verkefni embættisins eru eftirfarandi málaflokkar:

Persónuréttindi og fjölskyldumál. Undir málaflokkinn falla margvísleg mál, sem öll eiga það sameiginlegt að varða fjölskyldur; stofnun þeirra og slit, réttindi og skyldur einstaklinga sem eru eða hafa verið í vígðri eða óvígðri sambúð og réttindi barna. Einnig falla undir málaflokkinn erfðamál og málefni ólögráða einstaklinga.

Eignaréttindi og fullnusta krafna. Hér undir falla þinglýsingar, sem fela í sér opinbera skráningu réttinda yfir tilteknum eignum til þess að þær njóti verndar gagnvart þrója manni, fullnustugerðir eins og fjárnám, sem miða að því að tryggja krófu með eign eða réttindum og nauðungarsölur, sem eru fullnustugerð til að koma eign í verð eða til að slíta sameign. Einnig fellur undir málaflokkinn afmáning fasteignaveðkrafnar á íbúðarhúsnaði samkvæmt 12. gr. laga nr. 50/2009.

Stjórnsýsla ríkisins í umdæminu. Hér undir fellur atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, útgáfa ýmissa leyfa, afgreiðsla vegabréfa og ökuskírteina, lögbókandagerðir og friðlýsing æðrarvarpa.

Sérverkefni fyrir landið allt

Veiting leyfa til ættleiðinga, sbr. 1. gr. laga nr. 130/1990 um ættleiðingar og reglugerð nr. 1264/2011 um veitingu leyfa til ættleiðingar og reglugerð um ættleiðingar nr. 1030/2023.

Afgreiðsla nauðungarvistana, sbr. breytingu á lögræðislögum nr. 71/1997

Löggilding fasteigna-, fyrirtækja og skipasala, sbr. reglugerð nr. 1123/2006

Sáttameðferð og vinna sérfræðinga í málignum barna á grundvelli barnalaga nr. 76/2003

Skráning heimagingistar og eftirlit samkvæmt lögum nr. 67/2016 um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007

Starfsemin fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 1.323,2 milljónir og afkoma kr. 7,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 28,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 274,2 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisinu fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Sigríður Kristinsdóttir  
Sýslumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjfærsla fjárveitinga .....	2	1.247.150.000	1.220.500.000
Seld þjónusta .....	3	63.996.014	99.663.794
Vörusala .....		15.000	0
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	0	6.265.192
Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	12.000.800	12.288.531
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.323.161.814</b>	<b>1.338.717.517</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	1.065.466.868	1.052.173.284
Annar rekstrarkostnaður .....	6	238.109.331	217.119.034
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		13.545	18.973
Afskriftir og niðurfærslur .....	7	12.000.800	12.288.531
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.315.590.544</b>	<b>1.281.599.822</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>7.571.270</b>	<b>57.117.695</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	8	33.078.244	12.826.865
Viðskiptakröfur .....		13.610.514	8.784.038
Tengdir aðilar .....	9	188.522.572	233.060.110
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	2.174.924	977.833
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	11	36.848.412	43.924.145
<b>Eignir samtals</b>		<b>274.234.666</b>	<b>299.572.991</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	17.794.358	5.580.324
Viðskiptaskuldir .....		18.225.112	10.197.961
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	166.117.177	214.931.982
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	43.670.575	48.006.550
<b>Skuldir samtals</b>		<b>245.807.222</b>	<b>278.716.817</b>
<b>Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals</b>		<b>28.427.444</b>	<b>20.856.174</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	14	28.427.444	20.856.174
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>28.427.444</b>	<b>20.856.174</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>274.234.666</b>	<b>299.572.991</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrahreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		7.571.270	57.117.695
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	12.000.800	12.288.531
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(12.000.800)	(12.288.531)
		7.689.570	57.142.945
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakrör - aðrar skammtímakrörur .....		(6.023.567)	(5.603.842)
Tengdir aðilar .....		59.437.855	(115.163.820)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(40.787.654)	63.857.402
		12.626.634	(56.910.260)
		<b>20.316.204</b>	<b>232.685</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	11	(4.978.542)	(5.809.533)
		(4.978.542)	(5.809.533)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		4.913.717	5.809.533
		4.913.717	5.809.533
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		20.251.379	232.685
		12.826.865	12.594.180
		<b>33.078.244</b>	<b>12.826.865</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	1.144.600.000	7.600.000	1.152.200.000
Fjáraukalög .....	0	0	0
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>1.144.600.000</b>	<b>7.600.000</b>	<b>1.152.200.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....			
Launabætur .....	57.300.000		57.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	45.250.000		45.250.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>1.247.150.000</b>	<b>7.600.000</b>	<b>1.254.750.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	20.856.174	4.082.405	24.938.579
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>1.268.006.174</b>	<b>11.682.405</b>	<b>1.279.688.579</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(1.239.578.730)	(4.860.242)	(1.244.438.972)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>28.427.444</b>	<b>6.822.163</b>	<b>35.249.607</b>
Breytingar vegna árslokastöðu 2022 .....	0	0	0
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>28.427.444</b>	<b>6.822.163</b>	<b>35.249.607</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákværðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en rauverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línumlega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákværðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línumlega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	Óafskrifad

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vexta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.247.150.000	1.220.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	12.000.800	12.288.531
	<u>1.259.150.800</u>	<u>1.232.788.531</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.144.600.000	0	0	1.144.600.000
Launabætur .....	57.300.000	0	0	57.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	45.250.000	0	0	45.250.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.247.150.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.247.150.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum .	(1.239.578.730)	0	0	(1.239.578.730)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>7.571.270</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>7.571.270</b>

	2023	2022
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	53.199.400	91.749.232
Ýmsar þjónustutekjur .....	1.459.064	972.652
Veitinga- og gistiþjónusta .....	9.337.550	6.941.910
	<u>63.996.014</u>	<u>99.663.794</u>

#### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	0	750.000
Ýmsar tekjur .....	0	5.515.192
	<u>0</u>	<u>6.265.192</u>

#### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	861.669.235	863.519.537
Orlof, breyting .....	(1.147.074)	(17.822.112)
Launatengd gjöld .....	195.801.955	196.151.613
Starfsmannakostnaður .....	9.142.752	10.324.246
	<u>1.065.466.868</u>	<u>1.052.173.284</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	89,2	92,8

## Skýringar

	2023	2022
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	4.707.242	6.004.822
Byggingarvörur, almennar .....	0	4.641
Byggingarvörur, aðrar .....	52.228	0
Ýmis tæki og áhöld .....	3.781.581	2.025.080
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	33.575	22.695
Orkugjafar .....	5.394.770	5.175.381
Matvæli .....	17.301.273	17.381.533
Almennar rekstrarvörur .....	1.262.174	964.697
Vörukaup, almenn	<u>32.532.843</u>	<u>31.578.849</u>
Fundir, námskeið, risna .....	1.326.530	599.085
Ferðir, uppihald .....	1.681.040	1.543.652
Akstur .....	2.328.859	1.867.657
Sérfræðibjónusta .....	22.442.438	17.306.297
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	9.743.415	7.662.425
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	428.405	356.238
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	<u>3.475.130</u>	<u>3.145.020</u>
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðibjónusta	<u>41.425.817</u>	<u>32.480.374</u>
Afnotagjöld .....	13.126.957	12.584.976
Leigugjöld .....	109.850.617	100.860.759
Notkun véla og flutningatækja .....	1.814.713	2.601.823
Verkkaup .....	36.809.818	33.075.011
Kostnaðarhlutdeild .....	3.682.494	5.487.580
Opinber gjöld .....	<u>129.450</u>	<u>0</u>
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>165.414.049</u>	<u>154.610.149</u>
Vörukaup .....	<u>3.714</u>	<u>0</u>
Vörur til endursölu og birgðabreyting	<u>3.714</u>	<u>0</u>
Hlutdeild annarra í kostnaði .....	<u>(1.267.092)</u>	<u>(1.550.338)</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>238.109.331</u>	<u>217.119.034</u>
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	12.000.800	12.256.431
Sölutap og úreltar eignir .....	0	32.100
	<u>12.000.800</u>	<u>12.288.531</u>

## Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
<b>8 Handbært fé</b>		
Sjóðir .....	460.400	391.630
Tékkareikningar .....	32.617.844	12.435.235
	<hr/>	<hr/>
	33.078.244	12.826.865

Stofnunin hefur tekið til vörsu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 357 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

	31.12.2023	31.12.2022
<b>9 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	98.719.255	169.702.188
Aðrir ríkisaðilar .....	89.803.317	63.357.922
	<hr/>	<hr/>
	188.522.572	233.060.110
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við aðra ríkisaðila .....	17.794.358	5.580.324
	<hr/>	<hr/>
	17.794.358	5.580.324

## 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.022.148	316.256
Skattar .....	1.152.776	661.577
	<hr/>	<hr/>
	2.174.924	977.833

## 11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	36.282.293	43.358.026
Aðrar eignir .....	566.119	566.119
	<hr/>	<hr/>
	36.848.412	43.924.145

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	122.125.439	566.119	122.691.558
Viðbætur á árinu .....	4.978.542	0	4.978.542
Selt/úrelt á árinu .....	(55.800)	0	(55.800)
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	127.048.181	566.119	127.614.300
Afskriftir 01.01.2023 .....	78.767.413	0	78.767.413
Afskrift ársins .....	12.000.800	0	12.000.800
Selt/úrelt á árinu .....	(2.325)	0	(2.325)
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	90.765.888	0	90.765.888
Staða 31.12.2023 .....	36.282.293	566.119	36.848.412

## Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022	
<b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b>			
Ógreitt orlof .....	101.256.599	102.403.673	
Önnur ógreidd gjöld .....	64.860.578	112.528.309	
	<u>166.117.177</u>	<u>214.931.982</u>	
<b>13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga</b>			
Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.			
	31.12.2023	31.12.2022	
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	36.848.412	43.924.145	
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	6.822.163	4.082.405	
	<u>43.670.575</u>	<u>48.006.550</u>	
	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	43.924.145	4.082.405	48.006.550
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	7.600.000	7.600.000
Bókfært verð seldra eigna .....	(53.475)	53.475	0
Áhrif seldra eigna .....	0	64.825	64.825
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	4.978.542	(4.978.542)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(12.000.800)</u>	0	<u>(12.000.800)</u>
	36.848.412	6.822.163	43.670.575

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 10,2 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

## 14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	20.856.174	(36.261.521)
Afkoma ársins .....	7.571.270	57.117.695
Jöfnuður 31.12. ....	<u>28.427.444</u>	<u>20.856.174</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Embættið hefur gert two skuldbindandi samninga um húsnæði að Hliðasmára 1 í Kópavogi. Annars vagnar húsaleigusamning um 2.958 m<sup>2</sup> til 31. ágúst 2041 og hins vega 559,1 m<sup>2</sup> til 29. febrúar 2028. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 110 milljón.

#### *Veittar ábyrgðir*

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.